

Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um Gini-stuðul.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hver er Gini-stuðull fyrir ráðstöfunartekjur hjóna og sambúðarfólks árið 2004?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Gini-kvarðinn er einn algengasti mælikvarði tölfræðinnar á tekjudreifingu. Hann tekur gildi frá 0 og upp í 1, en því hærri sem hann er þeim mun ójafnari er dreifing teknanna. Ef tekjur allra væru jafnháar tæki Gini-kvarðinn gildið 0.

Þjóðhagsstofnun birti upplýsingar um hann árlega en því var hætt eftir að stofnunin var lögð niður og því er óskað eftir því að fjármálaráðuneytið reikni hann út. Farið er fram á að útreikningar byggist á öllum tekjum en ekki einungis launatekjum.